

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 30. júní 2016.

Efni: **Mál kærunefndar útboðsmála nr. 2/2016 / 4682.2016.**

Vísað er til úrskurðar kærunefndar útboðsmála í máli nr. 2/2016 þar sem sú ákvörðun Hafnarfjarðarbæjar að gera samning við leigubílastöð til að sjá um akstur fyrir fatlað fólk sem sannanlega geti nýtt sér leigubíla til ferðaþjónustu var felld úr gildi.

Byggt er á því í umræddum úrskurði að þar sem hin „fyrirhuguðu innkaup“ af leigubílastöðvum hafi verið stöðvuð, sé ekki tilefni til þess að kveða á um skaðabótaskyldu Hafnarfjarðarbæjar.

Mínir umbjóðendur, kærundur í máli 2/2016, hafa haft spurnir af því, að þrátt fyrir umrædda stöðvun kærunefndarinnar þann 7. marz 2016, hafi Hafnarfjarðarbær beint umtalsverðum akstursverkefnum vegna fatlaðs fólks til leigubílastöðvar eða stöðva og geri enn.

Vegna þessa óskast eftirfarandi upplýst:

1. Gerði Hafnarfjarðarbær samning við leigubílastöð um akstur fyrir fatlaða?
2. Ef svo er, óskast eftirfarandi upplýst:
 - a) Hversu margir fatlaðir í Hafnarfirði nýttu sér þjónustu viðkomandi leigubílastöðvar?
 - b) Hversu margar ferðir voru keyptar af umræddri leigubílastöð?
 - c) Hvað var greitt fyrir hverja og eina ferð?
 - d) Hverjar voru heildargreiðslur bæjarsjóðs vegna þessa samnings við leigubílastöð?
 - e) Hafa fatlaðir í Hafnarfirði enn þann kost að nota sér leigubifreiðar skv. samningi við viðkomandi leigubílastöð eða hefur Hafnarfjarðarbær fellt samninginn úr gildi?

Svar óskast sem allra fyrst.

Virðingarfyllst.



Sveinn Andri Sveinsson hrl.